

A 1738/kultur

Flytjandi	Flokkahópur jafnaðarmanna
Afgreiðsla	Norræna þekkingar- og menningarnefndin

Þingmannatillaga um lýðháskóla á Norðurlöndum

Tillaga

Flokkahópur jafnaðarmanna leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

á að hún kanni möguleika á að stofna norrænan lýðháskóla í öllum löndunum.

Bakgrunnur

Lýðháskólar voru stofnaðir á grundvelli kennslufræðilegrar heimspeki danska skólafrömuðarins og guðfræðingsins [Nikolai Frederik Severin Grundtvig](#). Grundtvig taldi að nám ætti ekki eingöngu að felast í utanbókarlærdómi og stagli um fræðikenningar sem komu daglegu lífi nemenda lítið við. Nám ætti að fara fram í lifandi samtali milli nemanda og kennara, og með fyrirlestrum sem snerust um daglegt líf nemenda. Rødding Højskole í Danmörku er elsti lýðháskólinn á Norðurlöndum.

Hugmyndafræðin er sú að nemendur afli sér þekkingar og færni sem nýtist í daglegu lífi þeirra. Grundtvig var einnig umhugað um að öll ungmenni ættu rétt á skólagöngu og menntun óháð hag foreldranna. Fyrsti lýðháskólinn var stofnaður í [Danmörku](#) árið 1844. Lýðháskólahreyfingin var upphaflega norrænt fyrirbrigði en nú starfa lýðháskólar eða sambærilegir skólar víða annars staðar í heiminum.

Lýðháskóli miðar ekki að prófi, heldur er hann [skóli](#) þar sem nemendur búa á [heimavist](#) skólans. Í Noregi starfa 48 [frjálslyndir lýðháskólar](#) og 32 [kristnir lýðháskólar](#). Færri komast að en vilja en lýðháskólarnir hafa náð miklum vinsældum meðal ungmenna sem hafa ekki ákveðið sig um framhaldsmenntun.

Lýðháskólar eru mismunandi eftir löndum en um flesta gildir eftirfarandi:

- Fjölbreyttar námsbrautir
- Ekkert lokapróf
- Áhersla á sjálfsþroska
- Kennslufræðilegt frelsi
- Lengd námskeiða getur verið allt frá örfáum dögum í heilt kennsluár sem er níu mánuðir.

Eðlilegt væri að skapa sameiginlegt „snið“ fyrir norræna lýðháskóla sem Norræna lýðháskólaráðið samþykkti. Lýðháskólaráðið tæki ákvörðun um hvaða skólar yrðu



fyrir valinu sem norrænir lýðháskólar, en þeir yrðu ekki fleiri en einn í hverju landi.

Mikilvægt gæti verið að þeir ættu eftirfarandi sameiginlegt:

- Efla norræna menningu og tungumál með söng, tónlist, kvikmyndum, bókmenntum, leiklist, dansi o.fl.;
- Efla norrænar hefðir í myndlist, handverki, matarhefð, arkitektúr o.fl.;
- Efla norrænt samstarf með útvistarlífi, íþróttum, viðburðum, ferðalögum o.fl.;

Í Røros í Syðri Þrændalögum er ráðgert að opna nýjan lýðháskóla. Námubærinn Røros er á heimsminjalista UNESCO. Ráðgert er að nýi lýðháskólinn taki 120 nemendur og hefji störf á skólaárinu 2019/2020.

Røros gæti orðið glæsileg heimkynni fyrir norrænan lýðháskóla en þar eru bæði flugvöllur og járnbrautarsamgöngur. Þá búa margir Samar í Røros en þeir eiga sér gamla sögu og menningu. Samísk menning og saga myndu fá veglegan sess í skólanum.

Reykjavík, 19. september 2017

Annette Lind (S)
Erkki Tuomioja (sd)
Eva Sonidsson (S)
Gunvor Eldegard (A)
Irene Johansen (A)
Johan Andersson (S)
Jorodd Asphjell (A)
Karen J. Klint (S)
Karin Gaardsted (S)
Kjell-Idar Juvik (A)
Kåre Simensen (A)
Lennart Axelsson (S)

Maarit Feldt-Ranta (sd)
Odd Omland (A)
Oddný Harðardóttir (A)
Orla Hav (S)
Peter Johnsson (S)
Phia Andersson (S)
Pyry Niemi (S)
Rikard Larsson (S)
Sonja Mandt (A)
Suzanne Svensson (S)
Tony Wikström (ÅSD)